

## **Reykjavíkurráð ungmenna og Borgarstjórn Reykjavíkur**

### **23. febrúar 2016**

*Karitas Bjarkadóttir, fulltrúi í Ungmennaráði Grafarvogs*

#### Tillaga

Að skóla- og frístundaráð sjái til þess að innan árs verði kynþroskafræðsla í grunnskólum betri og hún kennd fyrir en nú er, ásamt því að dömubindi, túrtappar og smokkar verði aðgengilegri fyrir ungmenni.

#### Greinargerð

Ungmennaráð Grafarvogs leggur til að kynþroskafræðsla sé tekin upp fyrir, t.a.m. í 5. bekk og jafnframt að kynþroskafræðsla sé ekki kynjaskipt. Einnig vill ungmennaráð Grafarvogs að hreinlætisvörur fyrir stúlkur á blæðingum séu aðgengilegar í grunnskólum, og er þá átt við dömubindi eða túrtappa. Telur ungmennaráðið að það væri einnig sniðugt ef bæði smokkar og túrvörur væru aðgengilegar í félagsmiðstöðvum. Stingur Ungmennaráð Grafarvogs upp á því að túrvörur séu keyptar eins og bréfpurrkur og salernispappír í grunnskólum og að það verði minnt á mikilvægi þess að gott aðgengi sé að svona vörum, sérstaklega fyrir stúlkur á miðstigi.